

# Ársskýrsla og mat á starfsáætlun 2022-2023

## Inngangur

Tónlistarskóli Vesturbyggðar er starfræktur á Patreksfirði og Bíldudal, með aðsetur í Patreksskóla og Bíldudalsskóla. Starfsánægja, samvinna og fagmennska eru leiðarljósín í okkar starfi.

Kennt er á píanó, fiðlu gítar, slagverk, öll blásturshljóðfæri og söng. Áhersla er lögð á fjölbreytta tónlist, jafnt klassík, popp og rokk, og að nemendur fái tækifæri til að taka þátt í samspili og spila í hljómsveit.



## Kennarar

Alls störfuðu sex kennarar við tónlistarskólann veturinn 2022-2023:

- **Andrew J. Yang** píanó, fiðla, tónfræði, meðleikur
- **Helga Gísladóttir** píanó.
- **Jón Hilmar Kárason** gítar, bassi, ukulele (allt í fjarkennslu)
- **Jón Ólafur Jónsson** slagverk
- **Halla Ólöf Jónsdóttir** söngur, kór (1. október – 15. Janúar)
- **Kristín Mjöll Jakobsdóttir** skólastjóri - þverflauta, klarinett, saxófónn, trompet; söngur, slagverk, forskóli, blokkflauta, tónfræði og hljómsveit.

## Nemendur

Heildarfjöldi nemenda sem stunduðu nám við Tónlistarskóla Vesturbyggðar veturinn 2022-2023 var **69 nemendur**.

Sex nemendur lærðu á fleiri en eitt hljóðfæri, einn þeirra í þreföldu námi.

Fjöldi óskráðra nemenda tekur þátt í skólastarfinu í hverri viku, í kórstarfi, og í forskóla á Klifi og Bíldudalsskóla, ca. 15-20 nemendur.


Langflestir nemendur skólans eða **93% eru á grunnskólaaldri**, frá sex til fimmtán ára, en síðastliðinn vetur lögðu einnig fimm nemendur eldri en 18 ára stund á nám í skólanum.

Aldursdreifing nemenda 2022-2023




- |                   |             |
|-------------------|-------------|
| ■ Fornám 6-7 ára  | ■ 8-9 ára   |
| ■ 10-12 ára       | ■ 13-15 ára |
| ■ 18 ára og eldri |             |


Áhugavert er að skoða hlutfall nemenda þar sem báðir foreldrar eru af erlendu bergi brotnir. Svona lítur það út hjá okkur, **8 nemendur af 69 nemendum eiga foreldra sem báðir eru af erlendum uppruna.** Endurspeglar hlutfallið fjölda slíkra grunnskólanemenda í Vesturbyggð?



Á Bíldudal stunduðu **níu nemendur** nám í Tónlistarskólanum og var aldursdreifingin sjö til þrettán ára og einn fullorðinn nemandi. Við bættust þrír nemendur í yngri deild Bíldudalsskóla í vikulegum hóptímum á blokkflautu og fimm ára börn í Tjarnarbrekku komu einu sinni í mánuði í tónlistartíma með yngri deildinni.



Í Tónlistarskólanum voru nemendur búsettir á Patreksfirði, Tálknafirði, Bíldudal og Barðaströnd. Tveir nemendur búsettir á Tálknafirði sóttu kennslu í Tálknafjarðarskóla.



Nemendur lærðu á blokkflautu, ukulele, gítar, bassa píanó, þverflautu, klarinett, saxófón, trompet, slagverk, fiðlu og þrír söngnemendur stunduðu nám við skólann þennan vetur. Einnig naut einn nemandi handleiðslu í “music production”.

Nemendur á aldrinum 12-15 ára fengu hópkenndu í tónfræði og 12 nemendur voru í hljómsveit skólans.

# Skólastarfið veturinn 2022-2023

## Nýjungar í skólastarfinu

1. **Kór** var starfræktur í skólanum fyrir **6-9 ára grunnskólanemendur** frá 1. nóvember og var það nýjung í skólastarfinu. Alls tóku um 15 nemendur í Patreksskóla þátt í kórstarfinu.
2. **Tónfræðikennsla** tekin upp með markvissum hætti
3. Þátttaka kennara í ráðstefnunni **Tónlist er fyrir alla** í Reykjavík
4. **Tónfundum fjölgað**
5. **Tvöföld kennsla** í tengslum við vinnutímastyttingu

## Nemendatónleikar og tónfundir

Umbóta þörf	Getum gert betur	Markmiðum náð

Haldnir voru samtals **fimmtán** nemendatónleikar- og tónfundir innan skólans í vetur:

- 1) - **4 tónfundir**
- 2) - **4 jólatónleikar**
- 3) - **3 miðsvetrartónleikar**
- 4) - **4 vortónleikar**

Sex af þessum tónleikum fóru fram í **Félagsheimili Patreksfjarðar (FHP)**, fernir tónfundir í sal Tónlistarskólans á Patreksfirði, þrennir tónleikar í **Baldurshaga** á Bíldudal og einir tónleikar í Skjaldborg í maí með hljómsveitaratriðum. Tónleikar eru jafnan vel sóttir af foreldrum og hefur tónleikabragurinn farið batnandi með tilraunum til breytinga á stað, uppsetningu og lengd.

Tónfundir á sal skólans hafa gefist vel. Þeir veita nemendum tækifæri til að koma fram og spila fyrir aðra nemendur. Tónfundir eru óformlegri en tónleikar og því ríkir afslappaðra andrúmsloft á þeim en á tónleikum. Þeir veita nemendum tækifæri til að heyra hver í öðrum á annan hátt en á tónleikum, jafnaldrar eru gjarnan saman eða nemendur á sömu hljóðfæri.

## Tónlist í samfélaginu

Umbóta þörf	Getum gert betur	Markmiðum náð

Nemendur Tónlistarskólans heimsóttu og léku eða sungu fyrir:

- 1) leikskólabörnin í Arakletti og Tjarnarbrekku – 6 tónleikar
- 2) vistmenn og starfsfólk á Hvest í desember og mars – 2 tónleikar

- 3) tendrun jólatrésins á Patreksfirði
- 4) á aðventukvöldi í Patreksfjarðarkirkju
- 5) félagsstarf eldri borgara í Vindheimum
- 6) félagsstarf eldri borgara í Selinu
- 7) starfsfólk lögreglustöðvarinnar
- 8) stóra upplestrarkeppnin
- 9) skólaslitum Patreksskóla
- 10) afmæli í Hænuvík

## Forskólastarf og samstarf við leikskóla

Umbóta þörf	Getum gert betur	Markmiðum náð

Tónlistarskólinn stóð fyrir **forskólakennslu fyrir alla nemendur í 5 ára deild Patreksskóla**, samtals 12 nemendur, í 18 vikur á starfsárinu. Forskólakennslan felst í að syngja saman, fara í rytmaleiki, og kynna ýmiss konar tónlist og hljóðfæri.

**Leikskólatónleikar:** Leikskólabörnum á Arakletti á Patreksfirði var boðið í heimsókn í Tónlistarskólann að hlusta á jólatónleika og nemendur skólans fóru og léku þrisvar sinnum fyrir börnin á Arakletti. Nemendur skólans á Bíldudal fóru tvisvar sinnum í heimsókn í Tjarnarbrekku og léku fyrir leikskólabörnin. Heimsóknir á leikskóla voru einum færri en áætlað var.

Heimsóknir sem þessar eru mikilvægar á báða bóga, gott tækifæri fyrir börnin í skólanum að æfa sig í að koma fram og viðburðir í lífi leikskólabarnanna sem þarna hafa fyrirmyndir og ánægju af.

## Foreldradagar

Umbóta þörf	Getum gert betur	Markmiðum náð

Jafnan er boðið upp á tvær foreldravikur á hverju starfsári. Þegar foreldravikur standa yfir gefst foreldrum tækifæri til að koma í heimsókn í spilatíma hjá börnunum sínum. Það gefur þeim tækifæri til að fylgjast með hvernig námið fer fram, spyrja spurninga og vera börnunum sínum stuðningur í náminu. Þessar heimsóknir eru mikilvægar fyrir alla og samskiptin sem eiga sér stað. Þátttaka foreldra í foreldradögum var almennt nokkuð góð en þó má alltaf gera betur hvað varðar að bæta samstarf við foreldra.

## Samspil / hljómsveitir

Umbóta þörf	Getum gert betur	Markmiðum náð

Starfrækt var **hljómsveit** með blásarum eingöngu fram að jólum. Eftir áramót bættust gítar, bassi, hljómborð, slagverk og söngkona í hópinn og hélst sú samsetning fram á vor, jafnframt því að blásarasveitin æfði verkefni á vorönn sem lagður hafði verið grunnur að á haustönn.

Hljómsveitin kom fram á tónleikum í desember, í mars og maí í **Skjaldborg** en hápunktur starfsins var **þátttaka í Nótunni 2023** í Eldborgarsal Hörpu þann 19. mars. Til stóð að vera með langan æfingadag í nóvember á Tálknafirði en það datt upp fyrir.

Einn utanaðkomandi einstaklingur tók þátt í starfinu, Bergdís Þrastardóttir, sem stundaði nám í Tónlistarskólanum þegar hún var að alast upp á Patreksfirði. Vonir stóðu til að fá fleiri slíka þátttakendur í sveitina og ekki er loku fyrir skotið að svo verði síðar. Þátttaka eldri einstaklinga sem þessi er mjög mikilvæg í litlu samfélagi. Hún er góð fyrirmynd og styrkir hljómsveitarstarfið.

Samspil nemenda fyrir utan hljómsveit var í lítið og þar getum við bætt um betur. Einnig féll hljómsveitardagur á Tálknafirði niður.

## Nótan 2023

Umbóta þörf	Getum gert betur	Markmiðum náð

Uppskeruhátíð tónlistarskólanna, Nótan 2023, var haldin 19. mars í Hörpu. Að þessu sinni voru ekki haldnir svæðistónleikar en öllum tónlistarskólum var boðið að mæta á lokahátíðina í Hörpu með hljómsveitaratriði án þess að um keppni væri að ræða.

Ákveðið var að hljómsveit skólans æfði lag fyrir Nótuna og tóku alls 11 nemendur skólans þátt í atriðinu sem flutt var í Hörpu. Foreldrar studdu dyggilega við viðburðinn og komu flestir suður með börnum sínum. Hópurinn fór saman í keilu og borðuðu saman að því loknu. Nemendunum bauðst einnig að taka þátt í námskeiði í skapandi tónlistarmiðlun og tóku allir okkar nemendur þátt í því dagana 18, og 19. mars.

Þátttakan í Nótunni var mikil vitamínsprauta inn í skólastarfið og skilaði sér í ríkulegri uppskeru á vortónleikum hljómsveitarinnar í Hörpu og skólaslitum Patreksskóla. Það var samdóma álit þeirra sem tóku þátt héðan úr Vesturbyggð að því fylgi mikil sjálfsefning að vera þátttakandi í svona viðburði, að sýna sig og heyra og sjá nemendur úr öðrum tónlistarskólum.

## Tvöföld kennsla - tónlistarnámskeið

Bragi Þór Valsson og Christina van Deventer

Umbóta þörf	Getum gert betur	Markmiðum náð

Með tvöfaldri kennslu er átt við að nemendur fái tvöfalt kennslumagn einhverja viku á skólaárinu án þess þó að kennarar bæti á sig vinnu og kenni meira en venjulega. Þessi útfærsla er praktíseruð í tónlistarskólum síðan stytting vinnutíma tók gildi. Víða er boðið upp á námskeið í tengslum við slíka viku.

Tekin var ákvörðun í janúar 2023 að láta námskeiðahald koma í staðinn fyrir tvöfalda kennslu sem kennarar skólans myndu sjálfir útfæra. Það er kærkomin vítamínsprauta fyrir bæði nemendur og kennara að fá utankomandi aðila til að halda námskeið af ýmsum toga og í raun nauðsynlegt til að viðhalda starfsánægju og stuðla að símenntun. Í þetta sinn var séð til þess að námskeiðið væri almennt og að allir nemendur skólans myndu njóta góðs af námskeiðahaldinu þannig að markmið tvöfaldrar kennslu næðust.

Að þessu sinni var starfandi tónlistarkennurum á Hólmavík boðið í heimsókn, þeim Braga Þór Valssyni og Christinu van Deventer. Þau settu saman mismunandi námskeið, ætluð ólíkum aldurshópum, byggð á eigin reynslu af skapandi hópa- og kórstarfi. Með yngsta stiginu var farið í ýmsa leiki, söng-, rytma og minnisleiki, og unnið með afrísk lög. Með eldri nemendum á miðstigi var farið í tónsmíðaverkefni þar sem nemendur fengu ákveðnar leiðbeiningar og unnu síðan í hópum. Bragi og Christina heimsóttu bæði nemendur á Patreksfirði og Bíldudal. Á Bíldudal nutu allir nemendur grunnskólans góðs af.

Margt heppnaðist mjög vel í þessari tilraun og af öðru má læra. Langflestir nemendur kunnu að meta það sem Bragi og Christina höfðu fram að færa og skemmtu sér mjög vel á námskeiðunum. Framlag þeirra var gott innlegg í forskólastarf og skapandi vinnu í Tónlistarskólanum. Því miður varð að fresta komu þeirra tvisvar sem varð til þess að unglíngastigið var fjarverandi á Samfés en þau höfðu flest tekið þátt í samskonar námskeiðum í skapandi tónlistarmiðlun í Hörpu svo það kom ekki að sök.

### Skapandi starf

Umbóta þörf	Getum gert betur	Markmiðum náð

Áætlun um hvernig sinna megi skapandi starfi við skólann með markvissum hætti hefur ekki verið á starfsáætlun. Skapandi starf er alltaf ríkur þáttur í tónlistarnámi með einhverjum hætti en til að sinna þeim þætti vel væri gott að innleiða slíka kennslu eða skapa sérstakan vettvang fyrir

nýsköpun. Námskeiðin með Braga og Christinu, og í skapandi tónlistarmiðlun voru þó sannarlega innlegg í skapandi starf við skólann. Jafnframt hafa kennarar leitt einstaka nemendur áfram í skapandi starfi þar sem áhugi hefur verið fyrir hendi.

## Tónfræði

Umbóta þörf	Getum gert betur	Markmiðum náð

Tónfræðikennsla í hópkenndu var í fyrsta sinn sett á starfsáætlun haustið 2022. Til að svo mætti verða var sótt um aukafjárveitingu fyrir kennslukvóta. Tónfræðikennsla lengi farið fram í skólanum samhliða hljóðfæranáminu hjá kennurum og í gegnum fornáms- og forskólakennslu.

Frá miðjum október var kennd tónfræði í tveimur aldurshópum, 7.-8. bekk sem Kristín Mjöll kenndi og 9.-10. bekk sem Andrew kenndi.

## Blokkflautufornám

Færa má rök fyrir því að blokkflautunámið í fornámshópnum sé eins konar tónfræðikennsla. Blokkflautuhóparnir voru vinsælir fyrir það að börnin fengu tækifæri til útrásar á skapandi hátt í lok hvers tíma. Það er spennandi áskorun að halda áfram að þróa þessa hóptíma sem tónfræðikennslu og vettvang fyrir skapandi starf.

## Námsmat

Umbóta þörf	Getum gert betur	Markmiðum náð

Námsmat fór fram í skólanum í lok starfsársins. Allflestir nemendur skólans þreyttu vorpróf. Vorpróf gefa nemendum tækifæri til að undirbúa ákveðin verkefni, æfa sig í að taka próf og spila fyrir aðra. Kennari og prófdómari leitast við að hafa andrúmsloftið eins afslappað og kostur er eða eins og nemendur séu í kennslustund.

Það hefur verið einróma samkomulag kennara skólans að gefa eingöngu umsagnir í orðum fyrir frammistöðu á vorprófi, umsagnir sem ekki eru staðlaðar, heldur veita nemandanum frekari hvatningu til dáða. Þetta er gert til til að forða nemendum frá óþarfa samanburði og vanlíðan.

Hver kennari gefur sínum nemendum jafnframt vetrarumsögn fyrir árangur og ástundun.

Það er samdóma álit kennara að nemendur séu orðnir afslappaðir og áhyggjulausir að mestu gagnvart þessum prófum og þarna hafi orðið breyting til batnaðar á síðustu tveimur árum.

## Grunnpróf

Umbóta þörf	Getum gert betur	Markmiðum náð

Tveir nemendur luku grunnprófi í hljóðfæraleik. Tryggvi Sveinn Eyjólfsson lauk grunnprófi á klarinett og Sólrún Elsa Steinarsdóttir lauk grunnprófi á trompet. Bæði prófin fóru fram í Tónlistarskóla Ísafjarðar þann 18. maí. Prófdómari var utanaðkomandi frá Reykjavík, Dagrún Hjartardóttir. Eitt grunnpróf frestaðist til næsta starfsárs.

## Skólaslit

Umbóta þörf	Getum gert betur	Markmiðum náð

Skólaslit voru haldin 31. maí í Patreksfjarðarkirkju. Nokkrir af elstu nemendum skólans komu fram að því tilefni, m.a. tveir nemendur sem voru að ljúka skólagöngu til margra ára við Tónlistarskóla Vesturbyggðar, þau Sara Líf Helgadóttir og Ríkharður Ingi Steinarsson sem hafa lært á gítar hjá Jóni Hilmar. Fjórir nemendur útskrifuðust úr 10. bekk og

f.h. starfsmanna Tónlistarskóla Vesturbyggðar

Kristín Mjöll Jakobsdóttir,  
skólastjóri